

eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. **106**

27. des.

3. gr.

Við a-lið 1. málsg. 22. gr. laga nr. 100/1948 bætist: Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans.

Í stað orðanna „án frádráttar nokkurs kostnaðar“ í 2. másl. 2. mgr. sömu greinar komi: án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að halda eftir og greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7/1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

107

27. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Hlutafélagið skal njóta sömu réttinda og Landsbankanum eru veitt í 50. og 52.—58. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

108

27. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1953 leggja á tekjur ársins 1952 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

108
27. des.

| | |
|---|---|
| Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki. | |
| Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%. | |
| Af 9— 10 þús. kr. greiðist | 20 kr. af 9 þús. kr. og 4 % af afgangi. |
| — 10— 12 — — — | 60 — — 10 — — — 5 — — — |
| — 12— 14 — — — | 160 — — 12 — — — 6 — — — |
| — 14— 17 — — — | 280 — — 14 — — — 7 — — — |
| — 17— 20 — — — | 490 — — 17 — — — 8 — — — |
| — 20— 25 — — — | 730 — — 20 — — — 9 — — — |
| — 25— 30 — — — | 1180 — — 25 — — — 10 — — — |
| — 30— 40 — — — | 1680 — — 30 — — — 11 — — — |
| — 40—100 — — — | 2780 — — 40 — — — 12 — — — |
| — 100—125 — — — | 9980 — — 100 — — — 10 — — — |
| — 125—150 — — — | 12480 — — 125 — — — 7 — — — |
| — 150—200 — — — | 14230 — — 150 — — — 5 — — — |
| — 200 — — — | 16730 — — 200 — — — |

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Ákvæði laga nr. 60 25. maí 1950, um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum, skulu gilda til ársloka 1953.

4. gr.

Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1953 skal umreikna svo sem verið hefur samkvæmt ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miðað við umreiknings-tölu 459.

5. gr.

Nú er skattur samkvæmt lögum þessum, tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur, eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.